

Kennarar: Aðalheiður ÓskTóbiásdóttir og Hildur Ósk Indriðadóttir

Tímafjöldi: 1

Bekkur: 3. bekkur

Listir og sköpun

Allir nemendur hafa hæfileika til að skapa. Í listum og sköpun fá nemendur tækifæri og svigrúm til að þroska með sér þann hæfileika ásamt því að vinna að áhugasviði sínu og tengja við áhugasvið annara. Þannig ná nemendur að þroskast í samvinnu við aðra, efla sjálfstæði sitt og kynnast eigin hæfileikum.

Í listum og sköpun er ýmis konar læsi, á menningu, umhverfið, samskipti og fleira. Nemendur kynnast fjölbreyttum leiðum til þekkingaleitar og vinnuaðferða sem nýtist þeim til að efla hæfni sína til að takast á við fjölbreytileika nútímasamfélags. Samvinna er lykilatriði en áhersla er á að einstakir nemendur geti kannað þætti sem vekja áhuga á eigin spýtur þar sem viðfangsefni þeirra verði að lokum hluti af viðfangsefni hópsins.

Listir og sköpun

Námsþættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið:	Leiðir:
Kveikja að viðfangsefni Tjáning og hlustun Upplýsingaöflun Hópavinna	Námsefni er fjölbreytt og fer eftir hvaða áhugasvið nemandi velur sér í samvinnu við aðra nemendur og kennara.	-Að nemandi læri aðferðir til að vinna sjálfstætt -Nái að tengja áhugasvið sitt við námið -Geti unnið út frá eigin styrkleikum	Samræður milli nemenda og/eða kennara Hugarkort Sýnikennsla Verkefnavinna Hópavinna Aðferðir byrjendalæsis

Námsmat: Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.